

REGLUGERÐ

um greiðslu ágóðahluta hjá Brunabótafélagi Íslands.

1. gr.

Pegar varasjóður Brunabótafélags Íslands er orðinn svo hár, að öruggt þyki um fjárhagsafkomu félagsins, og þá kemur í ljós við lok reikningsárs, að brunatjón hafa ekki farið fram úr 80% af iðgjöldum á því ári, má af árlegum tekjuafgangi greiða félagsdeildum og/eða félagsmönnum ágóðahluta af skyldubundnum fasteignatryggingum. Á sama hátt má og ákveða um greiðslu ágóðahluta til þeirra, sem tryggja aðra hagsmuni hjá félaginu.

2. gr.

Ákvörðun um greiðslu ágóðahluta hvert sinn er þó því skilyrði háð, að Brunabótafélag Íslands geti safnast aukið fé í varasjóð eftir því sem váttryggingarverðmætin vaxa.

Ágóðahluti skal vera ákveðinn hundraðshluti af iðgjaldatekjum á greiðsluárinu. Ekki skal þó greiða hærri ágóðahluta hverju sinni en sem nemur 60% af hreinum tekjuafgangi næsta reikningsár á undan. Og eigi skal heldur að jafnaði úthluta arði ef 60% af hreinum tekjuafgangi nemur lægri upphæð en sem svarar 5% af heildariðgjöldum á greiðsluárinu.

3. gr.

Hafi Brunabótafélag Íslands gert sérsamning við tiltekið sveitarfélag um lækkun fasteignaiðgjalda þar á staðnum, í sambandi við auknar og endurbættar brunavarnir í sveitarfélaginu, þá er félaginu rétt að greiða sveitarfélaginu sjálfu — félagsdeildinni — ákveðinn, tiltekinn ágóðahluta af árlegum tekjuafgangi fasteignatrygginganna þar á staðnum og fer um ákvörðun á greiðslu og upphæð ágóðahlutans eftir þeim almennu ákvæðum, sem sett eru í reglugerð þessari.

4. gr.

Ágóðahluti til annarra en þeirra sem um ræðir í 3. gr., skal að jafnaði greiðast til váttryggðra sjálfra, á þann veg, að ákvarðaður ágóðahluti greiðist sem lækkun (frádráttur) á iðgjöldum næsta árs á eftir.

5. gr.

Ákveða skal árlega, hvort greiða skuli ágóðahlut, og þá hve háan.

6. gr.

Til þess að fá greiddan ágóðahluta, verður váttryggður þó að hafa átt hús eða hagsmuni váttryggð hjá félaginu það ár, sem tekjuafgangurinn miðast við.

Reglugerð þessi, sem sett er í samræmi við ákvæði laga nr. 9/1955 um Brunabótafélag Íslands, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað er jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni frá 23. apríl 1954, nr. 40.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júní 1985.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.